

**Pesca Iceland ehf****Umsögn um mál nr. 675, lagafrumvarp 154. löggjafarþing 2023-2024:*****Tímabundinn rekstrarstuðningur vegna náttúruhamfara í Grindavík.***

Pesca Iceland ehf er 10 ára gamalt fiskvinnslufyrirtæki sem hefur sérhæft sig í aukaafurðum sem seldar voru á erlendum mörkuðum, fyrirtækið starfaði áður undir nafninu Sílfell ehf sem var stofnað árið 2004. Undanfarin ár hefur orðið breyting á vinnslunni og hefur fyrirtækið farið í að kaupa fisk á markaði og þjónustað t.d. Bláa lónið og ýmis önnur fyrirtæki í Grindavík. Í dag er engin vinnsla. Fyrirtækið er staðsett við stóra sprungu sem gerir það að verkum að okkur er óheimilt að fara inn í fyrirtækið nema í viðeigandi björgunarbúnaði þ.e. fallvarnarsvæði ásamt líflínu.

Okkar stærstu birgjar koma mestu frá Grindavík sem hafa ekki fengið að hefja vinnslu og/eða sjá ekki fram á að geta opnað aftur eftir þessar hamfarir, einnig má nefna að þau fyrirtæki sem við höfum þjónustað í Grindavík eru einnig lokuð þ. á m. Hjúkrunarheimilið Víðihlíð, Sjómannastofan Vör, veitingahúsið Salthúsið.

Miðað við þessa stöðu, þá sjáum við ekki fram á að hefja starfsemi aftur í Grindavík, förum við því fram á breytingu á frumvarpinu er varða uppkaup á atvinnuhúsnæðum í Grindavík, að fyrirtæki geti fengið tækifæri og möguleika á að koma sér upp starfstöð í öðru bæjarfélagi með því að ríkið kaupi upp atvinnuhúsnæði þeirra í Grindavík.

Vísa í umsögn SA um frumvarp til laga um kaup á íbúðarhúsnæði síðan 12. febrúar þar sem eftirfarandi kemur fram;

*“Fasteignir og lausafé sem er brunatryggt er vátryggt í samræmi við lög nr. 55/1992 um Náttúruhamfaratryggingu Íslands. Lögin mæla m.a. fyrir um skyldu til að vátryggja allar húseignir gegn tjóni af völdum náttúruhamfara. Gera lögin engan greinarmun á atvinnu- og íbúðarhúsnæði í því sambandi. Allar sömu takmarkanir er að finna í skilmálum trygginga vegna atvinnuhúsnæðis er varða tjón sem hlýst af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalla eða annarra náttúruhamfara (force majeure) og í tryggingum sem snúa að íbúðarhúsnæði. Eigendum atvinnuhúsnæðis stendur því ekki til boða frekari tryggingavernd gegn náttúruhamförum en öðrum fasteignaeigendum.”*

Einnig viljum við fá fram þá breytingu í frumvarpinu að fyrirtæki fá stuðning vegna verðmætaborngunar. Í okkar tilfalli þá þarf að þvera sprungur til að komast inn í vinnsluna til að bjarga vélum og tækjum.

Á myndinni hér fyrir neðan má sprungsvæði í Grindavík. Fyrirtækið Pesca Iceland er staðsett þar sem rauði punkturinn er.

Virðingafyllst:

Ingimar Waldorff  
Hermann Waldorff

